Ed. **136. Nefndarálit**

um frumv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Bervík á Snæfellsnesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ásamt frv. athugað breytingartillögur á þskj. 74, um að upp í frv. verði einnig tekin löggilding á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu. Ennfremur hefir nefndinni borist erindi frá Ben. Sveinssyni þm. N.-Þingeyinga um að taka upp í frv. löggilding verslunarstaðar í Dritvík í Breiðavikurhreppi í Snæfellsnessýslu. Nefndin sjer ekki ástæðu til annars en sameina löggildingu allra þessara staða í einu frv. Ber nefndin því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU

við breytingartillögur á þskj. 74:
Við tölul. 1. Á eftir »Snæfellsnessýslu« komi: í Dritvík í sama hreppi.

Alþingi, 10. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskrifari og framsm. Jón Þorláksson.